

## CCP og Vaki fiskeldiskerfi verðlaunuð

**Hugbúnaðarfyrirtækið CCP hlaut Viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins og Vaki fiskeldiskerfi hlaut frumkvöðlaverðlaun blaðsins 2009.** Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra, afhenti Hilmar Veiðari Péturssyni, forstjóra CCP, og Hermann Kristjánssyni, einum stofnanda og aðaleigandi fyrirtækisins Vaki, verðlaunin við háttíðlega athöfn. Fyrir þremur árum veitti Hilmar frumkvöðlaverðlaunum blaðsins viðtöku fyrir hönd CCP og er þetta í fyrsta sinn í 14 ár, sem handhafi frumkvöðlaverðlaunanna hlýtur viðskiptaverðlaunin.



**Vaki fiskeldiskerfi** var stofnað árið 1986 og er leiðandi á heimsvísu í þróun, framleiðslu og markaðssetningu á há-tæknibúnaði fyrir fiskeldi.

Starfsemi Vaka skiptist í þróun, framleiðslu og markaðssetningu á vörum fyrir iðnvætt fiskeldi, fiskveiðar og útgerð og umhverfismarkað. Um 90% af framleiðslu fyrirtækisins er flutt út til 40 landa. Stærstu markaðirnir eru Chile, Noregur, Skotland, Norður Ameríka og Miðjarðarhafslöndin.

**CCP hf.** var stofnað árið 1997 og er markmið félagsins að vera leiðandi aðili í því að búa til fjölþátttökuleiki sem spilaðir eru yfir netið. Fyrsti leikurinn, EVE Online, fór í loftið árið 2003 og hefur síðan verið í stöðugri uppbyggingu.

Fyrir á árinu hlaut CCP þekkingarverðlaun Félags viðskipta- og hagfræðinga og á tölvuleikjaráðstefnunni GDC Europe í Köln kynnti fyrirtækið nýjan tölvuleik, DUST 514.



*Jón Sigurðsson í Össuri og Hilmar V. Pétursson í CCP menn ársins 2009*

**Jón Sigurðsson**, forstjóri Össurar, hlaut titilinn maður ársins í viðskiptalífinu ásamt Hilmar V. Péturssyni forstjóra CCP, samkvæmt Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins. Þetta er annað árið í röð sem Jóni hlotnast þessi heiður.

Össur er alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar á heilbrigðissviði. Össur er leiðandi í hönnun stoðtækja og annar stærsti stoðtækjaframleiðandinn í heiminum. Hjá fyrirtækinu starfa um 1600 starfsmenn á 14 starfsstöðvum víðs vegar um heim. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi en Össur hefur starfsstöðvar í Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi, Bretlandi, Svíþjóð, Ástralíu og Kína og er með umfangsmikið net dreifingaradilla á öðrum alþjóðlegum mörkuðum.

*Menntadagur iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík  
10. febrúar 9 - 12. Sjá nánar á bls. 8 - Skráning á [www.mottaka.is](http://www.mottaka.is)*

bls. 2



*Vöxtur fyrir  
framtidina*

bls. 4



*COP15  
Tækniþróun  
er lykilorð*

bls. 6



*HR flytur  
í nýja  
byggingu*

bls.



*Kaka ársins  
2010*

bls.



*Svana Helen  
Björnsdóttir nýr  
formaður SSP*

# Vöxtur fyrir fram tíðina


Óvissan er verstí óvinur þeirra sem leggja á ráðin um framtíðina. Því færri óvissuþættir því betra. Á mörgum þáttum er hægt að hafa góða stjórn en öðrum alls ekki. Gott er að hafa vit til þess að greina þarna á milli og ráðast í að eyða þeirri óvissu sem er á okkar valdi. Stærsti óvissuþátturinn sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir undanfarið er án nokkurs vafa hvernig og ekki síður hvenær Icesave-málið verður leitt til lykta.

## Sameiginleg ábyrgð

Uppbygging í atvinnulífinu er forsenda nauðsynlegs vaxtar. Við þurfum á erlendu fé að halda til þess, bæði í formi fjárfestinga og lánsfjár á viðráðanlegum kjörum. Forsenda þess er traust og tiltrú á getu okkar til vaxtar og arðsemi í atvinnulífinu. Icesave-málið spillir fyrir að þessar forsendur verði uppfylltar. Málið er af þeirri stærðargráðu að stjórn-málamönnum og valdhöfum öllum ber skylda til þess að ýta öllum ágreiningi í öðrum málum til hliðar, geyma fortíðarbrigsli og taka sameiginlega ábyrgð á því að höggva á þann hnút sem Icesave-málið er komið í, ekki síst á heimavelli. Það er skýlaus krafa úr ranni iðnaðarins að hér verði gengið hratt og fumlaust til verks og allir leggist á eitt um lausn.

## Stóra verkefnið

Atvinnuleysi er í sögulegum hæðum og fer vaxandi. Atvinnuleysi meðal ungs fólks eykst, einkum meðal lítið menntaðra karla. Sýnu verst er þó að langtímaatvinnuleysi vex hröðum skrefum. Takist ekki að stemma stigu við því er hætt við að félagsleg vandamál af margvíslegu tagi aukist og að með hverjum degi sem líður muni þeim fjölga sem ekki eiga afturkvæmt á vinnumarkaðinn - það kennir bitur reynsla annarra þjóða okkur. Samkvæmt yfirliti Vinnuálastofnunar um stöðuna í nýliðnum desember voru 7.457 búnir að vera atvinnulausir lengur en 6 mánuði sem er um 49% þeirra sem



eru á atvinnuleysisskrá. Að meðaltali voru 13.776 án atvinnu í desember eða 8,2% en á sama tíma á árinu 2008 var atvinnuleysi 4,8%, eða 7.902 manns.

Það blasir líka við að á næstu árum mun þeim fjölga um a.m.k. 2.000 sem koma inn á vinnumarkaðinn á hverju ári. Ef horft er til næstu fimm ára eru þetta samtals 24.000 manns sem þurfa störf við hæfi og ef við horfum til næstu tíu ára eru þetta hvorki meira né minna en 34.000 manns og er þá varlega áætlað. Auðvitað gæti farið svo illa að megnið af þessu fólki hyrfi úr landi en metnaður okkar getur varla staðið til þess. Þá er bara tvennt í stöðunni. Annars vegar að búa svo um hnútana að allir fái störf við hæfi eða verði atvinnulausir og þar með svo þung byrði að ekki verður undir henni risið. Hér ætti ekki heldur að vera erfitt að velja.

Til þess að átta sig á hve stórt þetta verkefni er má benda á að samkvæmt tölum Hagstofunnar störfuðu árið 2008 um 4.400 manns við landbúnað, 7.300 við fiskveiðar- og vinnslu en um 17.300 við almennan iðnað. Samtals eru þetta 29.000 manns. Afar ólíklegt er að landbúnaður og sjávarútvegur muni bæta við sig fólki svo neinu nemi á næstu árum. Raunar hefur fólki fækkað í þessum greinum um 10.200 manns milli árána 1996 og 2008. Þeim sem starfa í almennum iðnaði hefur á sama tíma fjölgað um 1.500 og er þá ótalin vöxtur í upplýsingatækni og hátæknigreinum ýmis konar. Þá er mannvirkjagerðin ekki með í þessum tölum.

Greinar sem byggja á því að selja vörur og þjónustu úr landi verða að bera hitann og þungan af því að skapa öll þessi störf. Þess vegna verður stjórn efnahags- og atvinnu-mála að taka mið af þessum greinum fyrst og fremst. Þær þurfa á að halda opnum mörkuðum, greiðum milliríkjavíðskiptum, stöðugleika í starfsumhverfi og áreiðanlegan og stöðugan gjaldmiðil svo ekki sé talað um skaplega vexti.



Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri SI

## Nýir félagsmenn

Heilsueyjan ehf.  
Smáraflót 45  
210 Reykjavík

Valka ehf.  
Akralind 1  
201 Kópavogur

Nox Medical ehf.  
Vatnagörðum 18  
104 Reykjavík

## KOSNINGAR

### Óskað eftir tilnefningum til stjórnar SI og fulltrúaráðs SA

Í tengslum við Iðning fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Helgi Magnússon og gefur hann kost á sér til endurkjörs.

Að þessu sinni ganga þrjú úr stjórn, Anna María Jónsdóttir og Ingvar Kristinsson, sem gefa kost á sér til endurkjörs og Þorsteinn Víglundsson sem hefur setið sex ár samfleytt í stjórninni og er því ekki lengur kjörgengur, samkvæmt lögum SI.

Þeir sex, sem næst eru því að ná kjöri í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI skv. 9. grein.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 28. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist eigi síðar en **4. febrúar** til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

## FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR

**Bolli Árnason**, framkvæmdastjóri GT Tækni

**Hilmar V. Pétursson**, framkvæmdastjóri CCP hf.

**Ólafur Steinarsson**, forstjóri Plastprents hf.

**Sigsteinn P. Grétarsson**, forstjóri Marels ehf.

Framangreindir hafa þegar tilkynnt að þeir gefi kost á sér til setu í stjórn Samtakanna.

Minnt er á að framboðsfrestur rennur út 4. febrúar, sbr. auglýsingu hér að ofan.

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Samtakanna fer fram að morgni  
4. mars kl. 9.30 – 12.00

Félagsmönnum er boðið til hádegisverðar að fundi loknum.

## ÁRSHÓF

Árshóf Samtakanna verður haldið daginn eftir Iðning, þ.e. föstudaginn 5. mars á Grand hóteli Reykjavík og hefst kl. 19.30.

Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna til Iðnings og árshófs.

# IÐNÞING 2010

## Vilji til vaxtar - Mótum eigin framtíð

Grand Hóteli Reykjavík fimmtudaginn 4. mars

### Dagskrá:

13.00 Ávarp **Helga Magnússonar** formanns SI  
Ávarp **Katrínar Júlíusdóttur** iðnaðarráðherra

- **Kristín Pétursdóttir**, forstjóri Auðar Kapítal  
- **Jón Sigurðsson**, forstjóri Össurar

### Pallborð:

**Vilborg Einarsdóttir**, framkvæmdastjóri Mentor ehf.

**Tómas Már Sigurðsson**, forstjóri Alcoa Fjarðaáls

**Hilmar V. Pétursson**, framkvæmdastjóri CCP

**Þorsteinn Ingi Sigfússon**, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Fundarstjóri: **Þorsteinn Víglundsson**, forstjóri BM Vallár ehf.


Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)


Nánari upplýsingar um Iðning, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is)





# Tækniþróun er lykilorð

Miklar væntingar voru gerðar til Loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn í desember, COP15. Niðurstaðan var ekki eins afgerandi og vonast var eftir en ekki voru sett fram bindandi markmið sem taka við af Kyoto samkomulaginu þegar það rennur út 2012. Málið hleypur þó ekki frá okkur og ljóst er að loftslagsmál verða áfram í deiglu um áráraðir. Fjöldi þjóðhöfðingja lagði leið sína til Kaupmannahafnar sem sýnir pólitískt mikilvægi viðræðnanna.



## Hlýnun ekki meiri en 2°C á þessari öld

Niðurstaða Kaupmannahafnarfundarinnar var að halda áfram og freista þess á næsta ári að finna farveg fyrir bindandi samkomulag. Samþykkt voru meginviðmið fyrir þá vinnu, svo sem að horfa til þess að hlýnun verði ekki meiri en 2°C á þessari öld, að ríkin setji sér sjálf markmið um minni losun samkvæmt ákveðnum skilmálum, að ríkin setji fjármagn í sjóði til stuðnings þróunarríkjum, að Sameinuðu þjóðirnar hafi eftirlit með losun og bindingu og einnig var samþykkt að þróa áfram viðskiptakerfi með losunarheimildir.

## Andstæð sjónarmið iðn- og þróunarríkja

Á fundinum tókust á sjónarmið þróunarríkja og iðnríkja. Iðnríki undirgengust mörg hver takmarkanir á losun samkvæmt Kyoto samkomulaginu og vilja nú að fleiri taki þátt í þeirri vegferð. Þau vilja nýtt samkomulag með víðtækari þátttöku. Þróunarlönd aftur á móti segja iðnríkin eiga sök á vandanum og eigi að leysa hann með framlengingu Kyoto sáttmálans. Auk þess beri þeim að styðja fátæk lönd við að byggja upp loftslags-

væna innviði til að takast á við afleiðingar hlýnunar. Þessi sjónarmið hafa verið tekin inn í samningana þó deilt sé um hvernig og hversu mikið eigi að gera. Nú þegar hafa iðnríkin lokað fé í sjóði sem er ætlað að vinna á þessu sviði.

## Víðtæk umræða

Loftslagsráðstefnan og samningarfundur fjölluðu ekki bara um losun gróðurhúsalofttegunda. Viðræðurnar hafa teygst sig yfir ótal svið, þetta er mál mállanna í dag og allir vilja taka þátt. Breiddin í umræðunum er tilkomin vegna þess að til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda þarf að skoða tækniþróun, orkumál, byggingarhefð, landnotkun, landbúnað, fiskveiðar, samgöngur og ótal margt fleira. Þetta snertir allar atvinnugreinar á einhvern hátt hvort sem starfsemin sjálf veldur losun eða ekki. Ofan á þetta bætist að samningurinn mun nú einnig taka á hugsanlegum afleiðingum hlýnunar og aðgerðum til að minnka skaðann. Þar með hefur byggðarþróun, varnargarðar, fólksflutningar og ýmislegt fleira verið dregið inn í umræðuna. Til að allt þetta gangi upp þarf alþjóðlegar reglur, kerfi og eftirlit. Lagðar hafa verið fram tillögur sem leiða af sér nýjar stofn-

anir, sjóði og kerfi sem eiga m.a. að auðvelda aðkomu atvinnulífs. Viðskiptakerfi með losunarheimildir er dæmi um slíkt kerfi. Það er áhugi á að þróa áfram kerfi fyrir samstarf milli landa um tækniyfirfærslu og þekkingaruppbyggingu og einkum er horft til uppbyggingu í þróunarríkjum.

## Tækniþróun er lykilorð

Tækniþróun er lykilorð í loftslagsmálum. Kallað er eftir loftslagsvænni tækni á öllum sviðum. Margar þjóðir líta á það sem nauðsyn að leggja fé í tækni og þróun á þessu sviði, til að sitja ekki eftir í nýrri tækniþylgju. Ríki heims keppast við að byggja upp hjá sér nýja tækni, sérstaklega á sviði nýrra orkugjafa. Á ráðstefnunni var haldinn agrarúli hliðarviðburða um fjölbreytt mál. Endurnýjanlegir orkugjafar voru áberandi umfjöllunarefni, enda ljóst að ef markmið um minni losun eiga að nást verður að gera breytingar í orkumálum. Samhliða ráðstefnunni stóð Dansk Industry fyrir sýningunni Bright Green þar sem fyrirtæki kynntu orkuvænar lausnir. Breiddin var mikil og flest voru fyrirtækin í gamलगróum iðngreinum enda er loftslagsvæn tækni alls ekki bundin við ný og frumleg sprotafyrirtæki. Gömul fyrirtæki hafa breytt hönnun og framleiðsluáferðum og kynna sem vistvæna tækni. Sama á við um vörur sem á einhvern hátt eru orkusparandi, t.d. einangrun eða betur einangrandi byggingarefni, raftæki sem eyða minna rafmagni en áður og endurninn efni, allt er þetta kynnt á sama hátt sem hluti af lausninni.

## Atvinnulíf sem býður lausnir

Atvinnulífið hefur frá upphafi verið áberandi í umræðu um loftslagsmál. Meginskilaboðin frá þeim eru að atvinnulífið er hluti af lausninni. Áhersluatriðin eru að samningarnir verði gagnsærir, gildi á alþjóðavísu, þar komi fram langtímasýn og að bæði iðnríki og þróunarríki taki þátt í þróuninni. Breyttir tímar kalla á breytta tækni og atvinnulíf sem getur boðið lausnir.

# Norrænir stuðningsmöguleikar

**Kjartan Due Nielsen** hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands heldur utan um átaksverkefni sem er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Markmiðið er að auka möguleika íslenskra fyrirtækja, stofnana og annarra að sækja styrki, fræðslu, þjálfun, tengsl og upplýsingar til Norðurlanda. Horft er til norrænna samstarfsverkefna á breiðu sviði og í raun eru allir málaflokkar og atvinnugeirar samfélagsins undir. Kjartan veitir ráðgjöf og stuðning og leiðbeinir m.a. við umsóknarskrif og við myndun tengslaneta.

Kjartan sem hóf störf í september á síðasta ári hefur verið að safna upplýsingum og ná fram heildarmynd af þeim tækifærum sem standa til boða í norrænni samvinnu. „Auk þess hef ég verið að byggja upp öflugt tengslanet á Norðurlöndunum sem mun nýtast þeim sem leita til mín eftir aðstoð.“ Samhliða því hefur Kjartan verið að

kynna verkefnið hér á Íslandi og setja upp heimasíðu sem mun vera með yfirlit yfir þá styrkja- og stuðningsmöguleika sem eru í boði ([www.norraentsamstarf.is](http://www.norraentsamstarf.is)).

Kjartan segir kynningarfundir víðsvegar um landið framundan. „Ég mun leitast við að vera í góðum tengslum við atvinnulífið og helstu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu og áhersla verður lögð á að hafa beint samband við fyrirtæki með skipulagðri markhópavinnu.“ Hann hvetur fyrirtæki til að nýta sér þessa þjónustu því ótal tækifæri felist í norrænu samstarfi. Nánari upplýsingar veitir Kjartan í síma 522-9246 eða á netfangið [kjartan@nmi.is](mailto:kjartan@nmi.is).



## Prentsmiðjan Oddi fær Svansvottun



Prentsmiðjan Oddi hefur fengið vottun norræna umhverfismerkisins Svansins. Það tryggir að fyrirtækið er í fremstu röð hvað varðar lágmarkun neikvæðra umhverfis- og heilsuáhrifa.

Jón Ómar Erlingsson, framkvæmdastjóri Odda segir fyrirtækið leggja mikið upp úr því að vörurnar séu framleiddar í sátt við umhverfið. „Umhverfissvottun Svansins er stór þáttur í að tryggja það að Oddi verði áfram í fararbroddi í íslenskum prentiðnaði hvað umhverfismál varðar“ segir Jón Ómar.

### Prentsmiðjan Oddi

Prentsmiðjan Oddi var stofnuð árið 1943 og hefur verið fjölskyldufyrirtæki alla tíð. Oddi er stærsta prentsmiðja landsins og með mesta úrval í prentun á Íslandi. Oddi er stærsti umbúðaframleiðandinn á Íslandi, auk þess er fyrirtækið eini bylgjuframleiðandinn landsins. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 250. Svansvottunin nær yfir alla prentþjónustu fyrirtækisins, þ.e.a.s. almennt prentverk, tímarit, bækur, bylgjukassa, öskjur o.fl.

Umhverfismál hafa ávallt skipað mikilvægan sess í starfsemi fyrirtækisins, og var Oddi m.a. fyrsta íslenska fyrirtækið til að hljóta umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar 1997, auk þess sem það hlaut umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins árið 2004. Með Svansvottun er Oddi að koma til móts við breyttar kröfur viðskiptavina m.a. vegna innleiðingar ríkisins á vistvænni innkaupastefnu.

## Styrkir til nýsköpunar og rannsókna á loftslagi, umhverfi og orku

Áskoranir sem blasa við í loftslagsmálum krefjast nýrrar þekkingar og tæknilausna. Norðurlöndin hafa margt fram að færa á þessu sviði og löndin hafa nú þegar mikla reynslu af notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Haustið 2008 var ákveðið að fara af stað með stærstu samnorrænu rannsóknaráætlun til þessa, Öndvegisrannsóknaráætlun. Alls verða 400 milljónir DK lagðar í verkefnið á fimm árum. Litið er á verkefnið sem framlag Norðurlanda til loftslagsmála og samhliða er því ætlað að styrkja rannsóknir og atvinnulíf á svæðinu. Valin eru áherslusvið þar sem löndin hafa sameiginlega hagsmuni og styrk til að leggja sitt fram á alþjóðavettvangi. Lögð er áhersla á hágæða rannsóknir, samvinnu og þátttöku atvinnulífs til að tryggja að niðurstöður verði nýttar. Fyrstu auglýsingar um umsóknir hafa þegar birst og eru umsóknarrestir á næstu mánuðum.

Áætlunin samanstendur af sex undir-áætlunum:

- *Aðlögun að loftslagsbreytingum og rannsóknir á áhrifum þeirra*
- *Víxlverkanir milli loftslagsbreytinga og freðhvolfs jarðar*
- *Orkunýtni með örtækni*
- *Samþætting stórfelldrar virkjunar á vindorku*
- *Sjálfbært lífeldsneyti*
- *CO2 - föngun og geymsla*

Markmiðið er að Norðurlöndin leggi sitt af mörkum við að leysa loftslagsvanda heimsins með því að gera bæði rannsóknastofnanir og atvinnulíf þátttakendur og tengja þá bestu á sínu sviði saman. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála SI.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
01. tbl. 16. árg. Janúar 2010  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 20.01.2010  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán, forsiðumynd Hari, bls. 4 Hans Söndergård/DI  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir  
Prófarkalestur: Rakei Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



# HR flytur í nýja byggingu

**Háskólinn í Reykjavík** flutti í nýja byggingu 11. janúar. Nemendur og kennarar skólans söfnuðust saman við aðalbyggingu skólans í Ofanleiti og gengu fylktu liði að nýrri byggingu HR í Nauthólsvík.

Þar fluttu Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri, Svafa Grönfeldt, fráfarandi rektor HR, Ari Kristinn Jónsson, verðandi rektor HR og Sunna Magnúsdóttir, formaður Stúdentafélags HR, stutt ávörp.

Gestum var boðið að ganga um bygginguna og skoða hana, en kennsla hófst samkvæmt stundaskrá.

Fimmtudaginn 14. janúar var síðan haldin vegleg opunarhátíð þar sem um 500 manns komu saman. Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri klipptu á borða og opnuðu þar með nýbyggingu HR með formlegum hætti. Svafa Grönfeldt og Ari Kristinn Jónsson ávörpuðu samkomuna og að lokum flutti Finnur Oddsson, formaður háskólaráðs og framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands ávarp.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri klippa á borðann



Árið 2006 var ákveðið að ráðast í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík og var skólanum fundinn staður í Nauthólsvík, við rætur Öskjuhlíðar. Þrjár deildir HR af fimm flytja í nýbygginguna núna, tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild. Lagadeild og kennslufræði- og lýðheilsudeild flytja svo í

sumar og þá verður starfsemi HR öll undir einu þaki. Sá hluti sem nú verður tekinn í notkun er um 23.000 m<sup>2</sup> og síðar á þessu ári verður 7.000 m<sup>2</sup> álma tekinn í notkun og telst skólinn þá fullbyggður miðað við núverandi stöðu og áætlanir.



## Kaka ársins 2010

**Keppnin um Köku ársins 2010** var haldin 13. janúar á vegum Landssambands bakameistara. Keppnin var haldin í samstarfi við Nóa Sírius og skilyrði að kakan innihéldi „Konsúm orange“ frá Nóa Síriusi. Tíu kökur bárust í keppnina. Dómarar voru Ásthildur Guðmundsdóttir, bakari og kennari við bakaradeild MK, Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtökum iðnaðarins og Jóhanna Gunnarsdóttir, matvælafræðingur hjá Nóa Síriusi.

Dómurinum kom saman um að margar kökur hefðu verðskuldað sigur en þó var ein sem bar af. Höfundur hennar, Hilmir Hjálmarsson hjá Sveinsbakaríi hlaut að launum stórkostlega gjafakörfu frá Nóa Síriusi og peninga-verðlaun frá LABAK. Kakan hlýtur titilinn „Kaka ársins 2010“ og verður kynnt í bakaríum innan Landssambands bakameistara á konudaginn 21. febrúar.

## Ný matvælaöggjöf tekur gildi 1. mars



**Lög nr. 143/2009** um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, voru samþykkt á Alþingi fyrir jól. Lögin fela m.a. í sér breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum. Þau hafa m.a. í för með sér breytingar sem snúa að matvælaeftirliti og gera kröfu um rekjanleika allra matvæla og fóðurs frá hafi og haga til maga.

Lögin taka gildi 1. mars að undanskildum ákvæðum um framleiðslu búfjárafurða. Matvæli unnin úr hráum búfjárafurðum eiga vera merkt með auðkennismerki frá 1. nóvember 2011. Það þýðir að mjólk og mjólkurvörur, pakkað kjöt, unnar kjötvörur og ýmis blönduð matvæli eiga að vera með auðkennismerki frá og með 1. nóvember 2011. Nánari upplýsingar um auðkennismerkið eru á vef Matvælastofnunar [www.mast.is](http://www.mast.is).

# Mikið fagnaðarefni

## Ný lög um stuðning við nýsköpunarstarf fyrirtækja

**Frumvörp um endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattalega hvata fyrir fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum voru samþykkt á Alþingi í desember af þingmönnum allra flokka.**

Það var mikið fagnaðarefni að eitt helsta baráttumál SI fyrir hönd hátækni- og sprotafyrirtækja - frumvörp um endurgreiðslu hluta rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattalega hvata fyrir fjárfesta voru samþykkt af nær öllum þingmönnum allra flokka á Alþingi rétt fyrir áramót. Þetta er eitt markverðasta framlag sem fram hefur komið í seinni tíð um bætt starfsskilyrði til nýsköpunar í fyrirtækjum.

Markmið laganna er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf með því annars vegar að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til sérstaks viðbótar skattafrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að menn og lögaðilar fjárfesti í þeim að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Ástæða er til að vekja athygli á að fyrirtæki úr hvaða starfsgrein sem er geta hlotið staðfestingu Rannís samkvæmt þessum lögum sem nýsköpunarfyrirtæki að uppfylltum neðangreindum skilyrðum. Þessi lög eru því ekki ein-skorðuð við hátækni- og sprotafyrirtæki þó skilyrðin falli vissulega vel að eðli þeirra.

Staðfesting vegna skattafrádráttar byggir á eftirtöldum skilyrðum:

- að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind
- að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 5 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

Staðfesting vegna hlutfjárukningar byggir á eftirtöldum skilyrðum:

- að rannsóknar- og þróunarkostnaður samkvæmt ársreikningum lögaðilans undanfarin tvö af þremur árum næst á undan umsóknarári hafi numið meira en 1,5% af rekstrartekjum eða rekstrarkostnaði eftir því hvor fjárhæðin er hærri, eða varið hafi verið a.m.k. 40 millj. kr. til rann-



**Davíð Lúðvíksson**  
forstöðumaður stefnumótunar

sókna og þróunar á ári undanfarin tvö ár

- að verkferlar séu vel skilgreindir, þ.e. skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingu starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstaða sé til starfsins
- að hluthafafundur hafi tekið ákvörðun um aukningu hlutfjár skv. V. kafla laga nr. 2/ 1995, um hlutfélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutfélög
- að upplýsingagjöf til fjárfesta verði tryggð í þeim tilgangi að vernda fjárfesta, tryggja eðlilega þátttöku

nýsköpunarfyrirtækja á markaði og stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika.

Almennt séð ríkir ánægja með að þessi nýju frumvörp hafi náð fram að ganga. SI og samtök tækniyrirtækja innan SI, SSP, SUT, SÍL og IGI lögðu þó til nokkrar breytingar á frumvörpunum tveim áður en þau urðu að lögum. Þar á meðal að neðri viðmiðunarmörk um stærð verkefna yrðu lækkuð í fimm milljónir kr. úr þeim 20 milljónum sem voru í frumvarpinu. Alþingi samþykkti þessa breytingu í tengslum við afgreiðslu frumvarpanna.

Ekki náðist hins vegar samstaða um að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 15% í 20% né hækkaðar heimildir fyrir einstaklinga og heimildir fyrir sjóði varðandi skattafrádrátt vegna hlutabréfakaupa eins og samtökin lögðu til sinni í umsögn. Þetta eru því umbætur sem verða að bíða betri tíma.

Engu að síður hefur náðst mikilvægur áfangi sem getur skilað miklu bæði fyrir fyrirtækin og ríkissjóð ef vel er að verki staðið. Rannís er samkvæmt lögunum falin umsjón með ferlinu í samráði við sérstaka ráðgjafanefnd. Fyrirtækin hafa væntingar um að hægt verði að koma þessu ferli í framkvæmd sem fyrst og vonandi tekst Rannís að standa undir þeim væntingum þrátt fyrir þekkt annríki sem samtökin höfðu nokkrar áhyggjur af í sinni umsögn.

## Nýr formaður Samtaka sprotafyrirtækja

Fjórar konur í stjórn og varastjórn SSP

**Svana Helen Björnsdóttir** hjá upplýsingatækniyrirtækinu Stiki ehf. var kjörin formaður SSP á aðalfundi samtakanna í desember. Íris Kristín Andrésdóttir, Gogogic ehf. og Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf. koma ný inn í stjórn og Perla Björk Egilsdóttir, Saga Medica ehf. í varastjórn.

Nokkrar breytingar á stjórninni áttu sér stað, m.a. þar sem Jón Ágúst Þorsteinsson sem gegnt hefur formennsku lét af því starfi en tók sæti í varastjórn. Það ríkir mikill skilningur á því meðal stjórnarmanna að nauðsynlegt er að viss endurnýjun eigi sér stað, en jafnframt er mikilvægt að tryggja ákveðna samfellu í starfinu. Þrjár stjórnarmenn síðasta árs gengu úr stjórn og varastjórn að þessu sinni, þeir Júlíus B. Kristinsson, Haukur Alfreðsson og Halldór Kvaran og voru þeim þokkuð vel unnin störf. Þau sem áður hafa



starfað í stjórninni og sitja áfram eru Gunnlaugur Hjartarson sem kosinn var til tveggja ára á síðasta aðalfundi og Vilborg Einarsdóttir sem kjörin var á þessum aðalfundi til næstu tveggja ára.

Ný stjórn er tekin til starfa og hélt sinn fyrsta fund í desember. Ljóst er að þar fer kröftug stjórn með öflugan formann sem áhugavert verður að fylgjast með á sínu fyrsta starfsári.



## Í fyrsta sinn brautskráð úr Viðskiptasmiðjunni

Iðnaðarráðherra, Katrín Júlíusdóttir veitti níu sprotafyrirtækjum viðurkenningu fyrir hönd Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins og Háskólans í Reykjavík við brautskráningu úr Viðskiptasmiðjunni – Hraðbraut nýrra fyrirtækja.

Þetta er fyrsta brautskráningin úr Viðskiptasmiðjunni sem var stofnuð í september 2008. Nokkrir félagsmenn SI voru meðal brautskráðra, Gogoykoko, Stjörnu- Oddi, Trackwell, Mind Games og Remake Electric. Tvö síðasttöldu voru verðlaunuð fyrir góðan árangur.

## Helstu breytingar á lögum sem hafa áhrif á félagsmenn SI

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman helstu breytingar á sköttum og gjöldum sem tóku gildi 1. janúar sl. Ekki er um endanlega upptalningu að ræða og er þeim sem vilja kynna sér málið frekar bent á vefi alþingis og ríkisskattstjóra.

- Virðisaukaskattur í efra þrepi hækkar úr 24,5% í 25,5%.
- Staðgreiðsla, tekjuskattur og útsvar, verður á árinu 2010 í þrem þrepum: Af fyrstu 2.400.000 (200.000 á mánuði) = 37,22% Af næstu 5.400.000 (450.000 á mánuði) = 40,12 Af því sem er umfram 7.800.000 (650.000 á mánuði) = 46,12%
- Ef annað hjóna/samskattsaðila er með tekjur í efsta þrepi en hitt ekki, er gerð leiðrétting til lækkunar á álagningu. Ekki þarf að sækja um leiðréttingu, hún er gerð þegar skattframtal er afgreitt.
- Starfi launþegi hjá fleiri en einum launagreiðanda ber launþeganum að upplýsa í hvaða skattþrepi hann á að vera.
- Persónuafsláttur hækkar í kr. 530.466 eða kr. 44.205 á mánuði.
- Fari greiðslur launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda fram úr 2 m.kr. og 12% af iðgjaldsstofni skal það sem umfram er reiknast til skattskyldrar tekna launamanns.
- Tryggingagjald hækkar úr 7% í 8,65%.
- Tekjuskattur hlutafélaga og einkahlutafélaga hækkar úr 15% í 18%.
- Tekjuskattur sameignar- og samlagsfélaga hækkar úr 23,5% í 32,7%.
- Fjármagnstekjuskattur hækkar úr 10% í 18% en frítekjumark er kr. 100.000.
- Auðlegðarskattur leggst á nettó eigur einstaklinga yfir 90 m.kr. og hjóna og samsköttunaraðila yfir 120 m.kr. Af eignum yfir ofangreindum mörkum greiðist 1,25% skattur.
- Aðilum sem ber að reikna sér endurgjald fyrir vinnu skulu greiða tekjuskatt af 50% af greiddum arði skv. lögum um hlutafélög og einkahlutafélög sem er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé í árslok viðmiðunarársins.
- Olíugjald hækkar um 1,65 kr./ltr. en auk þess bætist við nýr skattur, kolefnisgjald, sem er 2,9 kr./ltr. Hækkunin er því 4,55 kr./ltr. auk vsk.
- Litúð olía ber kolefnisgjald og hækkar því um 2,9 kr./ltr. auk vsk.
- Vörugjald á bensín hækkar um 2,5 kr./ltr. en auk þess bætist einnig við kolefnisgjald, 2,60 kr./ltr. Hækkunin er því 5,1 kr./ltr. auk vsk.
- Bifreiðagjald hækkar um 10%.
- Áfengisgjald hækkar um 10%.
- Hækkun á ýmsum gjöldum sem snúa að leyfisveitingum, vottorðum, dómsstólum og stofnun félaga.
- Skattur á raforku 0,12 kr/kWst.
- Skattur á heitt vatn 2% af smásöluverði.
- Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki annars vegar í formi afsláttar á tekjuskatti og /eða endurgreiðslu sem nemur allt að 15% af rannsóknar- og þróunarkostnaði að uppfylltum ákv. skilyrðum og hins vegar skattaafsláttur til handa þeim sem fjárfesta í nýju hlutafé í framangreindum fyrirtækjum.
- Heimild til að taka út allt að 2.5 m.kr. af séreignarsparnaði.

## Menntun og vöxtur

**Staður: Grand Hótel Reykjavík**  
**Stund: 10. febrúar frá 9 - 12**

Hvernig treystir menntakerfið undirstöður atvinnulífsins?  
Hvaða hlutverki gegna skólar í að byggja upp íslenskt atvinnulíf?  
Felur hagræðingarkrafa í menntakerfinu í sér tækifæri til sóknar?

### DAGSKRÁ

Störfín og menntunin Jón Steindór Valdimarsson, framkvstj. SI  
Ávarp Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

### Iðnmeistaránám í mótun

Hlutverk iðnmeistara, Ingi Bogi Bogason, SI  
Ný viðmið um iðnmeistaránám, Kristrún Ísaksdóttir, mnr  
Hæfnikröfur iðnmeistaránáms, Ferdinand Hansen, SI  
Breytt iðnmeistaránám, Baldur Gíslason, Tækniskólinn

Vinnustaðakennslustyrkur SI Jón Steindór Valdimarsson afhendir  
fyrirtækjum styrk SI til kennslu á  
vinnustað

Háskólamenntun til vaxtar Ari Kristinn Jónsson, rektor HR  
Mannauður mótaður Sigurður Ólafsson, fræðslustjóri Alcoa  
Mannauður metinn Iðunn Kjartansdóttir, sérfræðingur hjá  
ÍÐUNNI fræðslusetri

Fundarstjóri: Vilborg Einarsdóttir, framkvstj. Mentor

Málþingið er öllum opið en tekið er við skráningu á [mottaka@si.is](mailto:mottaka@si.is)

Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus möguleika til vaxtar og nýsköpunar.  
Iðnfyrirtæki treysa á öflugt menntakerfi.



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

## Fréttapunktur frá MIH

**Starfið hjá MIH fer að stað með krafti í byrjun nýs árs.**

Árshátíð félagsins verður haldin 30. janúar á Grand Hótelu Reykjavík. Hún verður glæsileg að vanda og félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og eiga saman góða stund.

Aðalfundur verður haldinn föstudaginn 12. febrúar að Ásvöllum og hefst kl. 17.00 á aðalfundarstörfum. Að fundi loknum er boðið til kvöldverðar og þar mun hagfræðingur SI, Bjarni Már Gylfason, fjalla um skattamál.

Af öðrum málum sem MIH vinnur að þessa dagana má nefna að fá bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að breyta deiliskipulagi á Völlum 7 til samræmis við þarfir markaðarins í dag. Það er mat félagsins að í núverandi deiliskipulagi sé gert ráð fyrir of stórum íbúðum en bæði sé mikið framboð af slíkum eignum og kaupendahópur ekki stór.

Þá vinnur félagið í samvinnu við SI að því að Íbúðalánasjóður krefji ekki lögaðila um bankaábyrgð með öllum þeim tilkostnaði sem fylgir. Íbúðalánasjóður er alltaf með fyrsta veðrétt og þannig tryggur með sín lán og ósanngjarnt að lögaðilar þurfi bera þær byrðar sem fylgja bankaábyrgð.

